

Fimmtudaginn 13. október 1988.

Nr. 104/1988. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Kristjáni Björgvinssyni

(Örn Clausen hrl.)

Bifreiðar. Manndráp af gáleysi. Umferðarlög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroðsen, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Jónsson og Haraldur Henrysson settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefna 21. mars 1988 og gerir þær dómkröfur, að ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákæru og dæmdur til refsingar og ökuleyfisviptingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Ákærði krefst sýknu af öllum kröfum ákærvalds.

Ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Kemur þar fram, að fjarlægð frá spennistöð að brún Heiðarvegar við slysstað er 10 metrar en ekki 5 metrar eins og segir í héraðsdómi. Malarslóði liggur meðfram spennistöðinni með aflíðandi halla niður að Heiðarvegi. Þá hefur Birkir Fjalar Viðarsson komið fyrir sakadóm og gefið skýrslu, en hann er nú á ellefta ári. Hann segir þá hafa verið þrjá saman uppi við íþróttahús og að verða of seinir í tíma. Hafi þeir hlaupið eins hratt og þeir gátu í átt að dagheimilishúsinu meðfram spennistöðinni og stefnt yfir Heiðarveg og Víkingur heitinn Jónsson hlaupið á undan. Ekki kvaðst hann alveg hafa séð hvað gerðist og ekki séð hvernig Víkingur lenti á bifreiðinni, sem hann telur hafa verið ekið frekar hægt.

Eins og mál þetta liggur fyrir verður að leggja til grundvallar frásögn ákærða um málsatvik. Fyrir dómi kvaðst hann örstutta stund hafa litið til vinstri að fylgjast með hópi barna þar og ekki hafa orðið var við drenginn fyrr en hann skall á bifreið hans. Hann taldi sig hafa ekið hægt og varlega.

Hluti af starfi ákærða var að flytja skólabörn frá Hólmum til Reyðarfjarðar. Var hann því gagnkunnugur staðhátum og mátti gera ráð fyrir börnum báðum megin vegarins, þar sem grunnskóli

og íþróttahús voru á aðra hönd en dagheimili á hina. Með því að líta um stund til vinstri hliðar þykir ákærði ekki hafa fylgst nægilega með veginum fram undan og umferð frá hægri og þannig ekki hafa sýnt þá varkárni, er krafist var samkvæmt upphafsákvæði 2. mgr. 37. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, er þá giltu, en þar segir: „Sérstaka varúð skal sýna í nánd við skóla, leikvelli og aðra staði, þar sem vænta má að börn séu að leik.“ Sömuleiðis þykir hann hafa brotið gegn l-lið 3. mgr. 49. gr. sömu umferðarlaga, þar sem sérstök skylda var lögð á ökumann „að aka hægt og sýna ýrtruðu varkárni ... þar sem börn eru á eða við veg eða gera má ráð fyrir, að börn séu að leik“. Braut hann jafnframt gegn 1. mgr. 49. gr. laganna, en ekki þykja efni til að heimfæra brot hans einnig undir a-lið 3. mgr. sömu lagagreinar.

Umferðarlög nr. 40/1968 féllu úr gildi við gildistöku umferðarlaga nr. 50/1987 hinn 1. mars 1988. Samkvæmt 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 skal dæma um brot ákærða eftir nýrri lögunum. Af hálfu ákærvalds er því haldið fram, að til 2. mgr. 37. gr. eldri laganna svari 2. mgr. 4. gr. nýrri laganna, er hefst á orðunum: „Sérstaka tillitssemi skal sýna börnum ...“. Í stað ákvæða 49. gr. eldri laganna er vísað til ákvæða 36. gr. nýrri laganna. Þar er í j-lið 2. mgr. lögð sérstök skylda á ökumann „að aka nægilega hægt miðað við aðstæður ... þegar ökutæki nálgast barn á eða við veg“. Sá munur er á hinum nýju ákvæðum og þeim eldri, að horfið hefur verið frá orðalaginu „þar sem vænta má“ og „gera má ráð fyrir“ að börn séu að leik. Ekki er lengur berum orðum nefnd „nánd við skóla, leikvelli ...“. Í 1. mgr. 36. gr. nýrri laganna felast þau ákvæði 1. mgr. 49. gr. eldri laganna, er hér skipta máli, þar sem segir: „Ökuhraða skal jafnan miða við aðstæður með sérstöku tilliti til öryggis annarra. Ökumaður skal þannig miða hraðann við gerð og ástand vegar, ... svo og umferðaraðstæður að öðru leyti. ...“. Heimilt þykir að færa brot ákærða undir þessi ákvæði umferðarlaga nr. 50/1987, enda verður hvorki af greinargerð með frumvarpi til hinna nýju umferðarlaga né af umræðum á Alþingi ráðið, að ætlunin hafi verið að slaka á varúðarkröfum að þessu leyti við setningu hinna nýju laga, þó að orðalag sé nú annað en áður.

Með framangreindu gáleysi sínu þykir ákærði einnig hafa brotið gegn 215. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. áður 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, og 215. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 40.000,00 krónur í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 15 daga í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 101. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. áður 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, ber að svipta ákærða ökuréttindum í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 35.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 35.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Kristján Björgvinsson, greiði 40.000,00 krónur í sekt til ríkissjóðs og komi varðhald 15 daga í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur rétti til að stjórna vélknúnu ökutæki í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 35.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 35.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Suður-Múlasýslu 23. nóvember 1987.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 30. október 1987, er höfðað hér fyrir dómi með ákæruskjali ríkissaksóknara dagsettu 31. ágúst 1987.

Málið er höfðað „á hendur Kristjáni Björgvinssyni hafnarverði, Hjalla-vegi 7, Reyðarfirði, fæddum 4. marz 1927 á Eskifirði, fyrir að aka föstudaginn 10. október 1986 bifreiðinni U-3139 án nægjanlegrar aðgæslu norður Heiðarveg á Reyðarfirði við dagheimilið með þeim afleiðingum að fyrir bifreiðinni varð Víkingur Jónsson, fæddur 31. júní 1979, sem þá hljóp vestur yfir götuna. Hlaut Víkingur svo mikla áverka innvortis og á höfði að hann lést 15 dögum síðar.

Telst þetta varða við 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, 2. mgr. 37. gr., 1. og 3. mgr., staflíði a og t 49. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Samkvæmt vottorði sakaskrár ríkisins dagsettu 24. ágúst 1987 hefur ákærði ekki sætt kærú eða refsingu svo kunnugt sé.

Málsatvik eru þau að föstudaginn 10. október 1986 klukkan 09:15 barst lögreglunni tilkynning um að ekið hefði verið yfir ungan dreng á Reyðarfirði. Lögreglan fór þegar á vettvang. Í skýrslu lögreglu segir: „Barna hafði bifreiðinni U-3139 verið ekið norður Heiðarveg og yfir sjö ára gamlan dreng, Viking Jónsson frá Hólum í Reyðarfirði. Svo virðist sem drengurinn hafi komið hlaupandi eftir malarslóð í áttina að Heiðarvegi en hrasað á vegbrúninni og runnið undir bifreiðina með fæturna á undan. Engin hemlaför eftir bifreiðina voru sjáanleg.“

Ökumaður U-3139 kveðst hafa ekið norður Heiðarveg á 30 km hraða. Hann kvað hóp barna hafa staðið við suðurenda dagheimilisins, en verið var að opna fyrir þeim skólabörnum sem sækja kennslu í þeim hluta hússins. Hann kvaðst aðeins hafa litið til vinstri um leið og hann renndi framhjá og verið að fylgjast með börnunum og kveður það aðeins hafa verið augnablik sem hann leit af veginum, en um leið og hann sneri höfðinu fram aftur hafi hann séð barn hverfa inn undir bifreiðina frá hægri framan við framhjólið. Hann kvaðst ekki hafa orðið var við högg en kveðst hafa fundið að hann ók yfir barnið. Hann kvað nokkur börn hafa komið hlaupandi eftir malarslóða í áttina að Heiðarvegi og hafi Vikingur verið nokkuð á undan öðrum í þeim hópi. Telur ökumaður að Vikingur hafi ætlað að snöggstansa á götukantinum en þá dottið aftur fyrir sig á bakið og runnið inn undir bifreiðina. Telur ökumaður að hann hafi ekið með hægra fram- og afturhjóli yfir brjostið á Víking.

Rúnar Reynisson heilsugæslulæknir kom á staðinn og ákvað strax að hinn slasaði yrði fluttur með sjúkrabifreið til Egilsstaða og þaðan með sjúkraflugvél á Borgarspítalann í Reykjavík“.

Guðni Pétursson lögregluvarðstjóri gerði afstöðuteikningu af vettvangi í hlutföllunum 1:200. Á þessari teikningu kemur fram að þannig hagar til að þar sem slysið varð á Heiðarveginum er dagheimilisbygging vestan megin en spennistöð austan megin. Frá vegbrún að spennustöðvarhorni eru 5 metrar samkvæmt teikningunni. Þegar Vikingur varð fyrir bifreiðinni var hann á hröðum hlaupum fram með spennistöðinni og í hvarfi v'ð hana frá ökumanni séð nema þá 5 metra sem eru frá brún götunnar og að horni spennistöðvar en þegar hann kom að horni spennistöðvarinnar var hann á mikilli ferð. Verður þetta atvik athugað nánar þegar sök verður metin. Í málinu liggja frammi ljósmyndir af vettvangi og verða þær einnig teknar með í sakarmálinu.

Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglunni hinn 17. október 1986. Hann skýrði

þá svo frá: „Mætti segist hafa ekið þremur börnum frá Hólmum og að skólahúsinu á Reyðarfirði og sleppt þeim þar úr bifreiðinni laust fyrir kl. 08:00 þennan tiltekna morgun 10. október 1986, en það segir mætti að sé hluti af starfi sínu með hafnarvörslunni að aka skólabörnum frá Hólmum til Reyðarfjarðar.

Mætti segir að síðan hafi hann átt leið norður Heiðarveginn rétt um kl. 09:00 og þá ætlað heim til sín að Hjallavegi 7 til þess að sækja sér hlífðarföt þar sem hann hafi ætlað að fara að mála sveitarstjórnarskrifstofuna að utan.

Mætti tekur fram að hann hafi ekki verið í neinum sérstökum flýti og segist áætla að hann hafi ekið þarna norður Heiðarveginn á ca 30 km/klst. hraða, en tekur fram að hann hafi alls ekki litið á hraðamæli bifreiðarinnar, enda ekkert gefið tilefni til þess.

Mætti segir, að hann hafi oft nú eftir að slys þetta vildi til litið á hraðamæli þegar hann hafi ekið þessa sömu leið og á líkum hraða og í þetta umrædda skipti, og telur að það hafi mælst 30 til 35 kílómetra hraði miðað við klukkustund.

Mætti segir að akstursskilyrði hafi verið góð þegar slysið átti sér stað, vel bjart, en vegur svolítið blautur.

Mætti segir að þegar hann hafi verið þarna á ferðinni rétt um kl. 09:00 hafi börn verið að safnast saman við suðurenda dagheimilisins hjá girðingu sem þar er við húsendann, en í því húsi fer fram kennsla 7 ára barna og yngri.

Mætti segir að engin umferð hafi verið um Heiðarveginn, hvorki bíla né gangandi manna, og mætti segist ekki hafa veitt því athygli að neinn væri að koma frá skólanum eða sundlauginni sem eru þarna austan við Heiðarveginn nokkuð frá. Mætti segir að hann hafi litið á börnin, sem voru þarna við dagheimilisbygginguna, rétt sem snöggvast, en hins vegar vitað að þau voru að fara þar inn og því ekki væntanleg upp á Heiðarveginn, en þegar hann hafi aftur litið fram á veginn eftir að hafa gáð örstutt til vinstri heim að dagheimilinu hafi hann séð barn hverfa inn undir framenda bifreiðarinnar hægra megin. Mætti segist alls ekki hafa orðið var við að billinn rækist á drenginn, en hins vegar fundið að bæði fram- og afturhjól hægra megin á bílnum fóru yfir drenginn áður en honum tókst að stansa. Mætti segist ekki halda að hann hafi verið farinn að hemla þegar hjólin fóru yfir drenginn, því að þetta hafi borið svo brátt að, enda hafi hann ekki þorað að fullhemla, úr því sem komið var. Mætti segist síðan hafa stöðvað bílinn strax norðan við slysstaðinn, snarast út og séð að þá hafi nokkrir drengir, 4-5, verið að koma vestur með norðurhlíð spennistöðvarinnar. Segir mætti að þeir hafi trúlega verið að koma ofan af íþróttavelli miðað við stefnu þeirra.

Mætti segir að þessir drengir hafi verið jafnaldrar Víkings og trúlega hafi þeir verið á sömu leið en Víkingur aðeins á undan.

Mætti segir að þegar hann sá drengnum bregða fyrir framan við bílinn hafi hann alls ekki séð hvernig hann snéri né hver þetta var, þetta hafi aðeins verið eitthvað sem hann sá bregða fyrir við framenda bílsins hægra megin, órstutt.

Mætti segist þegar hafa farið að huga að drengnum og þekkt að þetta var Víkingur frá Hólmum og segir að hann hafi þá legið á bakinu og verið meðvitundarlaus, en andað. Mætti segir að sér hafi vírst að ekki þyrfti neinna skyndiaðgerða við þar sem ekki hafi verið um miklar sjáanlegar blæðingar að ræða og öndun greinileg. Því hafi hann strax snúið sér að því að fá til lækni og sjúkraflutningatæki.

Mætti segist hafa kallað upp og beðið um að hringja í lækni og segir að Halldóra sem er kennari í dagheimilinu hafi strax hringt fyrir sig og lækni komið mjög fljótt og stuttu síðar sjúkraflutningabífi.

Mætti segir að sér hafi vírst öll ummerki benda til þess að hjólf bifreiðarinnar hafi farið yfir drenginn miðjan, en engin ummerki hafi bent til þess að billinn hafi snert höfuð hans. Mætti segir að engir áverkar hafi verið á andliti drengsins, en fljótlega hafi komið í ljós að blæddi úr vitum hans.

Mætti segist vilja taka fram að hann hafi enga hreyfingu séð hægra megin við Heiðarveginn áður en slysið vildi til, en fyrst þegar hann var kominn út úr bifreiðinni séð drengina sem voru að koma niður með spennistöðinni.

Mætta er sýnd skýrsla lögreglunnar um slys þetta og uppdráttur sem gerður hefur verið af slyssstað og segist í öllum aðalatriðum vera sammála um það sem þar kemur fram og eftir sér sé haft, nema hvað hann hafi ekki séð drengina austan við Heiðarveginn fyrr en eftir að slysið hafði orðið, eins og fram kemur fyrr í þessari skýrslu.

Varðandi uppdráttinn vill mætti benda á að malarslóðinn austan við Heiðarveginn sé ekki svona afmarkaður, heldur sé þarna malarsvæði og opið inn á Heiðarveginn þar sem kantsteinn sé brotinn eins og reyndar sjáist á uppdrættinum.

Þá tekur mætti fram að Guðni lögreglumaður hafi prófað hemla bifreiðarinnar með ástigi en ekki ekið henni og ekki fundið neitt athugasemnt, enda segir mætti að hemlarnir hafi verið í góðu lagi.

Ákærði kom fyrir sakadóm við þingfestingu málsins hinn 31. október 1987. Þar var bókað: „Ákærði segir að atvikum sé rétt lýst í ákæruskjalinu og hann gerir ekki athugasemd við það hvernig atvikum er þar lýst.

Ákærða eru nú kynnt skjöl málsins. Hann gerir ekki athugasemd við frumskýrslu lögreglu, afstöðuteikningu eða skýrslu sína hjá Jóni Ólafssyni lögreglumanni þann 17. október 1986. Ákærði gerir þá athugasemd við

skýrslu Disu Mjallar Ásgeirsdóttur að hann hafi engan séð koma á undan Víkingi. Þá gerir Ákærði athugasemd við lýsingu hennar á hraða.

Ákærði gerir ekki athugasemd við áverkavottorð frá 21.6. 1987 eða frá 13. mars 1987.

Ákærði gerir ekki athugasemd við vottorð veðurstofu.

Ákærði skoðar ljósmyndir af vettvangi og gerir ekki athugasemdir við þær.

Ákærði gerir ekki athugasemd við skýrslu Halldóru Baldursdóttur.

Ákærði segir að í greint sinn hafi hann verið að horfa til vinstri og gert það í örstutta stund. Hann hafi verið að fylgjast með hópi barna þar. Hann segir að örstutta stund taki að hlaupa hratt frá horni spennistöðvarinnar og að þeim stað þar sem Víkingur varð fyrir bifreiðinni. Ákærði álitur að hann hefði getað stansað, hefði hann séð barnið koma fram undan horni spennistöðvarinnar. Ákærði segir að barnahópurinn vinstra megin götunnar hafi ekki verið það nálægt götunni að þeim stafaði hættu af umferðinni. Ákærði telur sig hafa ekið hægt og varlega í greint sinn enda stöðvunarvegalengd ekki nema 4-5 metrar án þess að hemla eða að draga hjól. Ákærði varð ekki var við drenginn fyrr en hann varð undir bil hans.

Vitnið Disa Mjöll Ásgeirsdóttir, fædd 29. maí 1971, til heimilis að Brekkugötu 10, Reyðarfirði, gaf skýrslu hjá lögreglunni hinn 11. nóvember 1986: „Mætta segist hafa verið í kennslustund í Grunnskólanum um kl. 09:00 þann 10.10. 1986, og verið að færa sig til í kennslustofunni þegar henni varð lítið út um glugga sem snýr niður að Heiðarveginum og segist þá hafa veitt því athygli að nokkrir drengir hlupu vestur eftir norðan við spennistöðina og segir að sér hafi vírst að einn væri fyrstur og þá rétt á eftir annar sem mætta segist hafa þekkt að var Víkingur frá Hólum, en þar rétt á eftir komu síðan nokkrir drengir, ef til vill tveir eða þrír. Mætta segir að drengirnir hafi hlaupið hratt og líkast því að þeir hlupu í kapp.

Mætta segist ekki hafa veitt neinum bil athygli fyrr en allt í einu þegar fyrsti drengurinn var kominn nær því yfir götuna að hún sér skyndilega að Víkingur skellur á hægri framhorni bifreiðar sem ekið var norður Heiðarvegin og segir að sér hafi vírst sem Víkingur kastaðist frekar frá bílnum til baka miðað við þá stefnu sem hann hafði á hlaupunum.

Mætta segir að bifreiðin hafi stöðvast fljótlega, og strákarnir sem á eftir voru hafi hlaupið áfram yfir götuna og stansað þar á gangstéttinni, líkt og þeir færu þá fyrst að átta sig á hvað gerst hafði.

Mætta segir að sér finnist að það hljóti að hafa verið nokkur hraði á bílnum þar sem hann hafi allt í einu verið kominn þarna, án þess að hún hefði séð til ferða hans“.

Vitnið Halldóra Baldursdóttir, fædd 22. desember 1952, Hæðargerði 6, Reyðarfirði, gaf skýrslu hjá lögreglunni: „Föstudaginn 10.10. 1986 um kl.

09:00 kveðst mætta hafa verið við leikskólann og hafa verið að hleypa börnunum inn. Kvaðst hún hafa séð til ferða nokkurra barna (ca 5 barna), hvar þau komu hlaupandi frá Barnaskólanum og að leikskólanum, en sum þeirra voru að fara í tíma hjá mættu. Mætta kveðst ekki hafa horft meira eftir þeim þar sem hún hafi verið með um 15 til 20 börn hjá sér. Síðan kveðst mætta hafa heyrt kallað: „Það var keyrt á Víking“, eða eitthvað svoleiðis. Er mætta hafi litið upp á götuna kveðst hún hafa séð hvar Víkingur lá í götunni og vissi höfuð hans í austur og hafði bifreiðin U-3139 stansað ca 2 metra frá drengnum. Mætta, sem segist ekki hafa farið að slysstað, kvað ökumann bifreiðarinnar U-3139, Kristján Björgvinsson, hafa kallað til sín og beðið sig að hringja eftir lækni. Kveðst mætta hafa gert það og hafi þá komið fljótlega Rúnar Reynisson læknir og síðan sjúkra-bifreið sem flutti drenginn af slysstað, en mætta kveðst einnig hafa hringt eftir sjúkrabifreiðinni. Aðspurð kveðst mætta hafa verið komin inn í skólann þegar lögreglan hafi komið á staðinn. Lögreglan hafði samband við skólastjóra og kennara grunnskólans á Reyðarfirði varðandi hugsanlega sjónarvotta að slysinu. Var þá bent á að átta ára drengur, Birkir Viðarsson, Mánagötu 18, Reyðarfirði, hefði verið sjónarvottur að slysinu og séð eitthvað af því hvernig það vildi til. Af þessu tilefni ræddi lögreglan óformlega við Birki. Hann skýrði svo frá að hann hefði verið næstur á eftir Víkingi þegar þeir drengirnir hlupu vestur eftir norðan við spennistöðina á leið í skólann í dagheimilinu. Hann sagði að Víkingur hefði lent á bílnum fremst, þ.e. á hægra framhorni hans, og síðan í götuna“.

Hinn 21. júní 1987 ritaði Auðbergur Jónsson, heilsugæslulæknir á Eskifirði, svofellt áverkavottorð um Víking Jónsson, f. 31.01.79-4859, Hólmum, Reyðarfirði:

„Þann 10.10.86 var Rúnar Reynisson afleysingalæknir við Heilsugæslustöðina á Eskifirði kallaður út vegna slyss á Reyðarfirði. Hafði verið ekið á ofanefndan Víking. Hann sé meðvitundarlaus þegar að var komið en öndun og hjartsláttur í lagi, það var mar á hnakka og roðarönd þvert yfir brjóstkassann. Hrufl á fótleggjum en ekki var merki um áverka á kvið.“

Drengurinn var fluttur með sjúkrabíl til Egilsstaða, hætt kominn á leiðinni vegna öndunarerfiðleika og uppkasta. Á Egilsstöðum var drengnum komið í betra ástand með aðstoð lækna þar og hann síðan fluttur í Borgarspítala, skilinn þar eftir í höndum heilaskurðlækna.

Í bréfi frá heila- og taugaskurðlækningadeild Borgarspítala, kemur fram að CT-skann sýndi merki um heilabjúg og mikið hækkaðan þrýsting í höfuðkúpu. Drengurinn var hafður í öndunarvél á gjörgæslu þar til hann lést að morgni 25.10. 1986.

Réttarkrufning fór ekki fram að ósk aðstandenda.

Ofanskráð vottast hér með samkvæmt upplýsingum úr sjúkraskrá, að beiðni lögreglunnar á Eskifirði.

Eskifirði 21.06. 1987.“

Hinn 13. mars 1987 ritaði Kristinn Guðmundsson, yfirlæknir Borgarspítalanum, annað áverkavottorð svohljóðandi: „Vikingur varð fyrir bil um kl. 09 að morgni þann 10.10. 1986, á Reyðarfirði. Talið var að billinn hafi farið yfir drenginn. Hann missti meðvitund. Tilkallaður var læknir sem flutti sjúklinginn rakleitt á sjúkrahúsið á Egilsstöðum og fékk hann meðferð bæði á leiðinni og eins eftir að hann kom í Egilsstaði. Sjúklingurinn var fluttur í sjúkraflugi til Reykjavíkur og kom á Borgarspítala um kl. 12:30 þann dag.

Við komuna á slysadeild var hann djúpt meðvitundarlaus með blæðingu á vörum og bólgu aftan á hnakka. Svölitið hrufi á útlimum. Röntgenmyndir sýndu áverkamerki í lungum og tölvusneiðmynd af höfði benti til mikillar bólgu í höfðinu.

Sjúklingurinn var lagður inn á gjörgæsludeild eftir að gerð hafði verið borhola í höfuð og settur inn þrýstingsmælir. Fjórum dögum seinna var gerður barkaskurður og einnig lögð slanga inn í magann. Sjúklingnum hrakaði hægt og hann lést þann 25.10. 1986 kl. 08:40 að morgni. Réttarkrufning fór ekki fram að ósk aðstandenda“.

Í málinu liggur frammi vottorð veðurstofu, dagsett 19. nóvember 1986, varðandi veður á Kollaleiru, Reyðarfirði, þann 10. október 1986. Veðrið þennan dag kl. 09:00 var logn, mesta veðurhæð milli athugana 3 vindstig og skýjað skyggni 55 kílómetrar og hiti 6,6° klukkan 15:00. Þennan dag var breytileg átt, mesta veðurhæð milli athugana 2 vindstig, skýjað skyggni 55 kílómetrar, hiti 11,4°.

Niðurstaða.

Í málinu byggir ákærvaldið ákæru á því að ákærði hafi ekið norður Heiðarveg í greint sinn „án nægjanlegrar aðgæslu“ ... með þeim afleiðingum sem lýst er í ákærunni. Telur ákærvaldið að ákærði hafi unnið sér til sakar samkvæmt nokkrum ákvæðum umferðarlaga er hér verða nú rakin: 2. mgr. 37. gr. „Sérstaka varúð skal sýna í námunda við skóla, leikvelli og aðra staði, þar sem vænta má að börn séu að leik.“ Ekki verður talið að ákærði hafi með háttsemi sinni í málinu brotið þetta ákvæði. Þvert á móti sýndi hann sérstaka varúð gagnvart þeim barnahópi sem var við leikskólann vinstra megin við akstursstefnu ákærða. 1. mgr. 49. gr.: „Ökuhraða skal ávallt miða við gerð og ástand ökutækis, staðhætti, færð, veður og umferð og haga þannig að aksturinn valdi ekki hættu eða óþægindum fyrir aðra vegfarendur né geri þeim óþarfa tálmanir.“ Ekki verður séð að ákærði hafi brotið þetta ákvæði.

3. mgr. 49. gr.: „Sérstök skylda hvílir á ökumanni að aka hægt og sýna ýrtruðu varkárni.

a) Í þéttbýli, þar sem börn eru á eða við veg, eða gera má ráð fyrir að börn séu að leik.“

Ekki verður séð að ákærði hafi með háttsemi sinni brotið þetta ákvæði. Í 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 segir: „Ef mannsbani hlýst af gáleysi annars manns, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum.“ Í málinu liggur ljóst fyrir að ákærði ók í greint sinn á mjög litilli ferð bifreiðinni U-3139 norður Heiðarveg á Reyðarfirði, og þegar hann var kominn á mótis við spennistöð sem er þar við veginn kom Víkingur Jónsson á harðahlaupum fram undan horni spennistöðvarinnar og hafnaði hægri megin undir bifreið ákærða, þannig að bæði aftur- og framhjól bifreiðarinnar fóru yfir drenginn. Frá horni spennistöðvarinnar og að slysstað eru aðeins 5 metrar. Maður á hlaupum kemst þessa vegalengd á 1-3 sekúndum. Dómari fór á vettvang og kannaði aðstæður. Ljóst er að drengurinn hefur verið að hlaupa frá íþróttavelli, sem er rétt hjá skólanum, og að hann hefur átt að mæta í tíma í dagheimilishúsinu hinum megin götunnar. Þegar drengurinn var kominn á hlaupum að horni spennistöðvarinnar sér hann til félaga sinna, sem biðu við innganginn að leikskólanum. Hann hefur ekki veitt bifreið ákærða athygli. Þegar staðið er við horn spennistöðvarinnar sést vel yfir götuna að inngangi leikskólans þar sem börnin stóðu. Líklegt er að drengurinn hafi talið að hann væri að verða of seinn í tíma og þess vegna hafi hann hlaupið svo sem raun varð á. Frá sjónarhóli ákærða er ljóst að hann ók á hægri ferð norður Heiðarvegin, hann sá hóp barna við innganginn að leikskólanum og beindi athygli sinni eðlilega að þessum barnahópi og ók gætilega með tilliti til þessara barna. Ákærði sá hins vegar ekki til ferða drengsins norðan við spennistöðina enda var drengurinn þá í hvarfi. Ljóst er að það hefur tekið aðeins örsamma stund fyrir drenginn að fara frá spennistöðvarhúsinu og undir bifreiðina, svo stutta stund að enginn ökuþaður sem á annað borð var þarna á ferð hefði getað stansað. Verður því talið ósannað með öllu að ákærði hafi ekki sýnt nægjanlega aðgæslu í greint sinn og verður hann því sýknaður af sök í máli þessu. Rétt er að leggja allan kostnað sakarinnar á ríkissjóð.

Sigurður Eiríksson sýslumaður kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Kristján Björgvinsson, á að vera sýkn saka í máli þessu. Allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði.